

## **Sumar og haustannáll Dals / Dallands 2010**

Eldgos, hestaveiki og afleiðingar hrunsins er það sem kemur fyrst upp í hugann þegar hugsað er til ársins 2010 en samt má ekki gleyma að þakka fyrir sumarið því það fór veðurfarslega mjúkum höndum um menn og málleysingja víða á landinu.



**Mynd tekin á V- Sámsstöðum í Fljótshlíð vorið 2010**

Hér í Dallandi munum við varla eftir annarri eins veðursæld. Stillur voru dag eftir dag og sólskin oft svo vikum skipti.



**Vöxturinn í trjám og öllum gróðri sló fyrri met.**

Vorið var líka milt og gott og minnist ég margra góðra nátta þegar verið var að vakta hryssur sem komnar voru að köstun.

Það er eitthvað alveg sérstakt við það að sitja sifjaður í skjóli við Stein eða hól um miðja vornótt og fylgjast með merarstóðinu. Ákveðin spenna er í loftinu því ein eða jafnvel fleiri hryssur sýna einkenni þess að nú sé folald senn á leiðinni út, svo kastar hryssan sér loks niður og allt fer af stað. Vorin eru fuglasöngur og nýfædd folöld á þessum bæ!



Katla með Kötlukráku



Gnótt með nýkastaðri Gullbrák sinni

Oft stígur hvít gufa til himins á köldum vornóttum þegar folaldið er fætt og fer að brölta. Stundum stendur allt merarstóðið hringinn í kringum köstunarstaðinn og mikið er þá snusað og gónt á þennan nýfædda einstakling. Þær eru sérdeilis forvitnar um gang mála blesaðar kerlingarnar og geta sumar reyndar orðið full nærgöngular og hreinlega stolið folöldum frá ungum hryssum. Oftast kasta hryssurnar seinnihluta nætur.

Því miður var sauðburðartíminn hjá bændum víða sunnanlands ekki eins ánægjulegur út af gosinu í Eyjafjallajökli. Í rauninni var þetta ástand, þar sem verst var, svo hræðilegt að maður getur örugglega aldrei sett sig í spor fólksins sem upplifði alla öskuna og ósköpin.



Vor 2010

Nokkrar föngulegar yngismeyjar, Villimey frá Héraðsdal og Dögun undan Maísól og Seið standa saman



Krákuauga



Vorið 2010



Ungmeyjarnar í veikindafrí

Þegar hestapestin brast á fór um mann því ekkert var vitað hverskyns veiki þetta væri og hvernig t.d. nýfæddum fololdum myndi reiða af,

hvort nokkuð væri hægt að sýna hross eða fara með þau í kynbótadóm eða hvort Landsmót yrði yfirleitt haldið. Allt var í óvissu.

Hér í Dallandi kom líka í ljós, í byrjun vors, að Halldór og Helle voru að hugsa sér til hreyfings með tvíburana sína og stefndu á utanlandsdvöl.

Það var því ekki um annað að ræða en kveikja á skannanum og reyna að finna góðan eftirmann Halldórs og þeirra beggja. Vangaveltur voru í gangi, málið skoðað vel og rætt við ýmsa.



**Fredrik Sandberg yfirtamningamaður og rekstrarstjóri í Dal**



Hluti starfsfólksins í Dal / Dallandi sumarið 2010 f.v. Anna Maghörndl , Fredrik Sandberg, Anne Vilhelm, Ásdís H. Árnadóttir.

Fljótlega varð ofan á að ráða **Fredrik Sandberg**, sánskan verkfræðing og þekktan hestamann innan hestaheims íslenskra hesta í Svíþjóð og Finnlandi.

Gerður var tveggja ára starfssamningur við hann þann 21. maí og verður hann yfirmaður reksturs, tamninga og allrar þjálfunar hrossanna í Dal hestamiðstöð.

### Sjá nánar á heimasíðunni undir **Fréttir - Starfsfólk veturinn 2010-11**

Fredrik var að vinna á Feti sl. vetur en fékk góðfúslega leyfi til að hætta fyrr svo hann gæti unnið með Halldóri fram á sumarið. Var það drengilega gert af Antoni Páli að gefa eftir þennan fína starfsmann fyrr en ráðgert hafði verið.

**Fredrik byrjaði vinnu hér 1. maí** og þá var enn ekki fyrirséð hvort Landsmót yrði haldið eða hvort sýningar á hrossum sem fara áttu í kynbótadóm yrðu á tilsettum tíma.

Hestapestin kom fremur seint hingað í Dal og því varð okkur fljótlega ljóst, er leið fram á vorið og pestin enn í fullum gangi, að ekki yrði mögulegt að sýna þau hross sem við höfðum bundið vonir við. Svona

fór um sjóferð þá, mikið og kappsamt vetrarstarf þjálfara og hrossa farið fyrir lítið og ekki síst svekkjandi vegna þess að þetta var jú Landsmótsár.

**1.maí** kom hingað í heimsókn danskt hestafólk sem dvaldi í nokkra daga hjá Eldhestum. Þau höfðu þá lent í ótrúlegu ferðabasli við að komast til landsins vegna gossins. Beðið fyrst á Kastrupflugvelli svo í Skotlandi og flogið síðan til Akureyrar og þaðan var farið með rútum til Reykjavíkur. Ekki er annað hægt að lesa úr þessu en ást og aðdáun á íslenska hestinum. Frænka mín Solvej Pedersen var í hópnum en hún hefur fengið brennandi áhuga á íslenskum hestum og keypti sér einn slíkan í Danmörku á þessu ári.

Það hýrnaði heldur betur yfir mannskapnum þegar fyrstu folöldin fóru að líta dagsins ljós um miðjan maí.



Glúmur Glymsson

**Þann 14. maí kastaði Orka,( Kötlu og Orradóttirin okkar) rauðum hesti undan Glym frá Flekkudal./ Glúmur.** Smákvíði var í okkur því enginn vissi og veit raunar enn, hvernig pestin fær með folöldin. Hvernig haustkalsinn myndi herja á þau og hvort pestin muni hafa varanleg áhrif t.d. á öndunarfærin? Það er nú þegar komið í ljós að folöldin eru að veikjast nú þegar þetta er skrifað 1. október.

**Orka fór undir Adam frá Ásmundarstöðum og fyljaðist.**

**Í dagbókina mína 10. maí** skrifaði ég eftirfarandi;

*„Það er komin upp hestapest, -vírus að haldið er, og er áður óþekkt hér á landi. Þetta lýsir sér í nefrennsli, þreytu eða deyfð, ekki mikill hiti og fer svo yfir í hósta og fer svo yfir í hor úr nösum. Haldið er að það þurfi jafnvel að fresta Landsmóti.“* Mikið vatn er runnið til sjávar síðan þetta var skrifað en **nota bene**, það var reyndar ekki mikið vatn í sumar sem runnið gat því oft rigndi ekkert svo dögum eða vikum skipti og t.d. er lækur sem vanur er að renna hér við túnfótinn á leið sinni út í Hafravatn sem hreinlega þurrkaðist upp og gerðist það nú þriðja árið í röð.

**Þann 12. maí** léturnu við fella fjóra hesta sem allir voru í alveg sérstöku uppáhaldi hjá okkur. Við höfðum ýtt þessari framkvæmd, ef svo má segja, á undan okkur í þó nokkurn tíma. Nú eru þessir vinir okkar komnir undir græna torfu á fyrsta túninu okkar sem kallað er Gamla túnið. Ég vil sérstaklega þakka Halldóri, Björgvini dýralækni og Jóni Jónss. fyrir að taka þetta verk að sér og hve vel var að öllu staðið. Ég var mjög kjarklítill þennan dag og hefði ekkert gagn verið í mér. Allt voru þetta svo nánir vinir og félagar okkar og er þeirra enn sárt saknað.



f.v.Dúkkulísa, Sókron, Kráka

Þetta voru þau Sókron 34 vетра, Kráka 32 vетра, Þokki 30 vетра og Dúkkulísa 27 vетра . Sjá nánar greinar, **Um Gjallarbrú** á heimasíðunni.



**17. maí kom hingað hópur hrossaræktunarfólks frá Svíþjóð. Þeim hafði seinkað um two daga vegna öskufallsins úr Eyjafjallajökli.**



Stóðhesturinn Glans frá Dallandi og Halldór Guðjónss. Stóðhesturinn Sorti frá Dallandi og Fredrik Sandberg

Öll hross á bænum voru þá með þó nokkur einkenni pestarinnar svo ekki var hægt að sýna neina þeirra í reið, en þremur graðhestum

var stillt upp í sárabót. Þetta voru þeir Sorti fimm vетра, sem er undan Víði frá Prestbakka og Lukku frá Dallandi, Hvatur fjögurra vетра, sem er undan Þóroddi og Hátíð frá Dallandi og Glans fimm vетра sem er undan Gnótt frá Dallandi og Blæ frá Hesti. Eins sýndum við þeim tvær fyrstu verðlauna hryssur, þær Fjöður sem er undan Kötlu og Forseta frá Vorsabæ og Hrímu undan Dúkkulísu og Huginn frá Haga.

Það er gaman að finna hversu áhugasamt fólk frá ýmsum heimshornum er um íslenska hrossarækt og fyrir það me gum við bæði vera stolt og þakklát. Þetta var mjög hresst fólk sem lagði það á sig, þrátt fyrir ó öruggar flugsamgöngur vegna gossins, að koma hingað til lands og ferðast hér um til að skoða hrossabú. Frábært!



**Kúttí sýnir Helle listir sínar**



**Goði**



## **22. maí.** Haldin hundasýning í reiðhöllinni í Dal.

Arna Rúnarsdóttir kom og sýndi Goða shäferhundinn hans Gunnars en hún er ræktandinn.

Goði var valinn besti rakkinn.(ræktunarnafnið er: Gjósku Indriði )



Gnótt og Gullbrák

**23. maí. Folald númer 2. Gnótt kastaði bleikáóttri hryssu undan Möller frá Blesastöðum. Nefnd Gullbrák.**

**Gnótt er fylfull með Krák frá Blesastöðum.**

**Yrpa, önnur tveggja mera okkar sem eru frá Héraðsdal í Skagafirði kastaði jarpri meri undan Þór frá Dallandi . Við nefndum hana Þórkötlu.( Þór er undan Dúkkulísu og Þokka frá Kýrholti)**



Yrpa með Þórkötlu undan þór frá Dallandi

**Yrpa fór undir Glans Gnóttarson frá Dallandi og Blæsson.**

**24. maí Fljóð kastaði rauðum hesti undan Dyn frá Hvammi.** Þetta er hinn föngulegasti hestur stór og stæðilegur og hreyfingar mjög fallegar. Hann er nefndur **Dalmann**.



ZZ „eldgos og kreppa hvað“

Dalmann undan Fljóð og Dyn frá Hvammi

**Fljóð er nú fylfull með Sorta frá Dallandi.**

**26. maí Syrpa, hin jarpa hryssan okkar frá Héraðsdal, kastaði jarpri hryssu undan Þór frá Dallandi. Nefndum hana Þórnýju.**



Syrpa með Þórnýju Þórsdóttur

**Syrpa fór undir Glans frá Dallandi**



Stóðhesturinn okkar Glans frá Dallandi undan Gnótt og Blæ frá Hesti



Graðhestar

Yrpa, önnur hryssan okkar frá Héraðsdal sem fór undir Glans 2010

Bæði þessi jörpu folöld sem fæddust í Héraðsdal eru nokkuð falleg og líkist annað mjög föðurnum Þór, eins og ég man eftir honum nýfæddum. Sjá kaflann um Dúkkulísu á heimasíðunni undir greininni **Um gjallarbrú** en þar segir frá fæðingu Þórs.

**27. maí kastaði Katla gamla brúnni meri undan Huginn frá Haga sem nefnd var Kötlukráku. ( Katla er nú elsta hryssan á bænum)**




Katla frá Dallandi með enn eina hryssuna



Katla með Kötlukráku undan Huginn frá Haga

Sussie Lindberg Lund og Katla hittast eftir áraraðir.

**Katla fór undir Stála og er fylfull**



„Svona á víst að gera þetta “, mæðgurnar Katla og Klöpp með afkvæmum sínum 2010

**31. maí fæddist hér kolsvartur hestur undan Klöpp, hann er undan Kletti frá Hvammi og er kallaður Grámann.**



Grámann kann ýmis ráð til að auka á prúðleikann

Grámann ( nær ) Kötlukráka ( fjær )

**Klöpp fór til Hugins frá Haga og er fylfull.**

**1.júní** hóf Ásdís Hulda Árnadóttir frænka mína frá Hlíðarendakoti störf hér í Dallandi.



Ásdís Hulda Árnadóttir og pottormarnir Harri og Leó Halldórs og Hellesynir

Þetta var þriðja sumarið hennar hérna. Ekki var mikið um að vera í útreiðum eða þjálfun á hrossum út af hestaveikinni svo hún var

meira og minna í garðvinnu allan fyrsta mánuðinn enda nóg að gera þar. Ásdís fór í haust til Kaliforniu að vinna við hross á Flying C Ranch búgarði Ástu Bjarnadóttur Covert og Will Covert. Sjá [www.tolt.net](http://www.tolt.net)

**1. Júní. Von okkar frá Skarði kastaði rauðstjörnóttri hryssu undan Glans frá Dallandi. Folaldið heitir Ósk.**



Vor 2010 Ósk ( stjörnótt ) undan Von og Glansans og Dalmann sonur Fljóðar og Dyns.

**2. Þetta gekk allt saman vel hjá blesсаðri gömlu Voninni okkar sem eignaðist mjög sprækt folald. Við höfðum nú ekki búist við miklu frá henni í ár því hún er farin að reskjast og var því höfð á húsi sl. veturnar á toppfóðrun. Það kom í ljós að 2 tennur voru það lausar að taka þurfti þær úr um miðjan veturninn og viti menn hryssan fór öll að braggast eftir það og var orðin feit og fín í sumar og er enn í finu formi á haustdögum. Von klikkar ekki!**

**Von er nú fylfull með Sorta frá Dallandi. Líklega verður það síðasta folald hennar.**

**3. júní. Nýöld og Hugmynd settar inn hjá Sorta.**

**Hugmynd er fengin með Sorta en Nýöld er geld.**

Nýöld ( öðru nafni Mýrar- Rauðka ) er í eigu minni ( Þórdísar) og er undan Snót systur Sókrons frá Sunnuhvoli og Gusti frá Hóli. Hryssa þessi er í miklu uppáhaldi hjá mér. Hún fæddist árið 2000, eins og

nafn hennar gefur til kynna og var köstunin filmuð af Páli Steingrímssyni og Friðþjófi Helgasyni. Þá var Páll að gera heimildarmynd um íslenska hestinn. Nýöld týndist á Byggðarhornsmýrinni (rétt sunnan Selfoss) 2ja vетra gömul þar sem hún var á sumarbeit með öðrum hrossum frá okkur. Var hennar mikið leitað án árangurs og töldum við hana af þegar líða tók að jólum. En viti menn, Nýöld kom loks í leitirnar og tjáði gleði sýna við endurfundinn á eftirminnilegan hátt. Hún kom hlaupandi á móti mér og þokka gamla, sem hafður var með sem „gulrótin“ svo að tryppið kæmi nær. Þegar hún loks kom auga á okkur tók hún á rás til okkar og sýndi gleði sína með því að troða hausnum á sér undir handarkrikann á mér eins og skelkaður andarungi gerir gjarnan undir væng móður sinnar. Þarna stóðum við dágóða stund í mýrinni sem var svo þakin snjó að náði mér nærrí upp að hnjam milli þúfna. Hún hafði ekki séð mann né annan í fleiri vikur, en var mjög meðvituð um að hér væri verið að bjarga henni. Síðan stökk hún inn á kerruna eins og hún hefði aldrei gert neitt annað. Nýjöld hefur þann sið að hneggja á mig alveg eins og Sókron frændi hennar gerði líka alla tíð. Það liggur greinilega í genunum í þessari ætt, því við höfum átt fleiri hross náskyld Sókroni sem gerðu slíkt hið sama. Sl. tvö ár hef ég notað hana nokkuð sem reiðhross. Þetta er einstakur karakter, afskaplega viljug eins og hún á kyn til og með yfirferðarmikið fjaðurmagnað tölt. Veturinn 2009-10 var Nýöld svo óheppin að brákast illa á framfæti og var dragholt í allan fyrravetur. Ég setti hana þess vegna í girðingu með Sorta í sl. sumar en allt kom fyrir ekki, hún fyljaðist ekki. Þessi hryssa er sérlunduð með afbrigðum svo það er eins víst að henni hafi bara ekki litist á kauða. Reyni annan hest næst.

**4. júní Dýrleif kastaði fallegri brúnstjörnóttri hryssu undan Sorta frá Dallandi. Nefnd Dóra.** Þetta er falleg hryssa að mínu mati en öll folöldin hennar Dýrleifar eru með kraftmiklar og flottar hreyfingar. Í

Dýrleifu sameinast tvær línur sem verið hafa í ræktuninni okkar því hún er undan Dúkkulísu og Dagfinni sem er hestur undan Dagrúnu sem var ein af fyrstu ræktunarmerunum okkar en er nú fallin.

Dagfinnur þessi átti aðeins eitt afkvæmi og það er Dýrleif. Hann var seldur til Bandaríkjanna fyrir margt löngu. Faðir Dagfinns er Stígandi frá Hvolsvelli.

**Dýrleif er fylfull með Hvati, frá Dallandi. (Hátíðar og Þoroddssonur).**

**5. júní, kl. 24.30 kastaði Duna, sem er undan Dúkkulísu og Sveini Hervari, brúnni hryssu sem er undan Tenóri frá Túnbergi. Nefnd Tekla.** Þetta er fyrsta folald Dunu og varð ég að nota alla mína krafta við að ná því út. Við Duna lágum svo stundarkorn þarna á eftir, hlið við hlið og stundum og dæstum einhver ósköp eftir allt erfiðið. Það var heilög stund og ógleymanleg fyrir vikið. „Það var eins og blessuð skepnan skildi“. Duna mjólkaði sama og ekkert fyrstu dagana og varð að gefa henni lyf til að lina stálmaverki. Við erum svo heppin að eiga góða nágranna sem bæði eru dýralæknar þau Helgu Finnsdóttur og Sigurð Hansson. Þau eru alltaf boðin og búin til að koma að hjálpa okkur ef eitthvað vesen er í gangi með dýrin. Þau komu í hvelli og sprautuðu Dunu með verkjalyfi. Svo kom mjólkin smám saman, en það tók tíma og folaldinu gekk ekkert allt of vel að fá almennilega að drekka fyrstu sólarhringana og það í þvílíkri hitabylgju sem þá var. Svo braggaðist sú litla heldur betur í sumar.

**Duna er fylfull með Hvati Þróoddssyni frá Dallandi**

**10. júní Dýrð kastaði jarpri hryssu undan Glans frá Dallandi.**

**Nefnd Dáð.**

**Dýrð fór norður undir Klett frá Hvammi og er nú fylfull.** Hún er í Héraðsdal í haust-vetur með öðrum hryssum frá okkur.

## **16. júní Una kastaði rauðstjörnóttum hesti undan Sigri frá Hólabaki.**



Una og Skundi Sigursson

Sá litli, sem fékk nafnið **Skundi**, er með mikinn og áberandi sveip í feldinum hægra megin á hálsinum, sem er langur og vel settur. Þetta hefur nú stundum þótt merki um hreysti og vilja. Folaldið er fíngert í vexti og fallegt. Una er önnur hryssan sem við höfum keypt frá Kirkjubæjarbúinu og þetta er annað folaldið hennar.

**Una fór til Sædyns frá Múla og er fylfull.**

**Fjöður (1.verðlauna hryssa undan Kötlu og Forseta frá Vorsabæ) er einnig fengin með Sædyn.**

**17. júní kastaði Hetja okkar brúnum hesti / Loðmundur/ undan Blæ frá Hesti .** Hann er móbrúnn að lit, svolítið kútslegur í laginu og loðinn og minnir mig svolítið á Orm eins og þegar hann var lítill. Ég skírði

hann **Loðmund** bæði vegna útlitsins og eins af því að Loðmundafjörður er minn uppáhaldsfjörður! Það er ágætt að hafa svona tengingar í nafngiftum, hjálpar manni til að muna. Ég held að þetta sé fjórða folaldið, frá byrjun búskapar okkar, sem fæðist hér á þjóðhátíðardaginn!

### **Hetja fyljaðist ekki því miður.**

Um miðjan júní setti Helle mikinn kraft í gróðursetningu lítilla skógarplantna sem við keyptum og ætluðum að setja niður yfir sumarmánuðina því við áttum von á tveimur Önnum til aðstoðar. En Helle Laks gerði sér lítið fyrir og setti ein niður u.p.b. 12-1500 tré aðallega birki, furu og lerki á örskömmum tíma. Það var ótrúlegt að sjá hve hratt þetta gekk hjá henni. Veit ég ekki um nokkra aðra mannesku sem er jafn mikill forkur í sambandi við ræktun og allskyns garðastúss. Það má með sanni segja að hún sé með dökkgræna putta!



Karoline, Monika Wenzel og Nói



Hesthúsið í Dal / mynd niðri, gamla hesthúsið i Dallandi



**27. júní kastaði Katarína. Þetta er jarpur hestur undan Orra frá Þúfu.**



Katarína frá Kirkjubæ með Karra Orrason

Mjög flottur að mínu mati , en hver þykir sinn fugl fagur. Við bindum talsverðar vonir við þennan hest. **Hann heitir Karri.**

### Katarína er fylfull með Herjólfí frá Ragnheiðarstöðum

Þennan sama dag 27. júní komu þær systur Karoline og Monika Wenzel frá Austurríki. Karoline var að vinna hér yrir rúmlega 20 árum. Þær systur reka hestabúgarð og reiðskóla í Flüttendorf sem liggur rétt utan við Graz og vinna þær sjálfar mikið með hestana. Karoline er taugalæknir og Monika hjúkrunarfræðingur og vinna þær einnig á spítala í Graz en eyða öllum öðrum stundum á búgarðinum sínum. Þær voru hér í rúma viku og fóru líka norður með okkur að skoða hesta á ýmsum bæjum og kaupa.

### 4. júlí Herborg kastaði jörpum hesti undan Glans. / Hermundur



Herborg Safírs og Dagrúnardóttir með Hermund Glansson. Herborg á líka Heru , eina afkvæmi Nátthrafnss.

Hann er mikill snúður og hnyklast um á svo mjúku og fínu tölti. Hann minnir um margt á folaldið hennar Hetju enda náskyldir. Folaldið hennar Hetju er undan Blæ sem er faðir Glans. **Það er búið að nefna þennan Hermund.**

### Herborg fór til Sorta frá Dallandi og er fylfull.

Í kringum þennan tíma voru vinir og hestaáhugafólk frá Svíþjóð og fleiri löndum að detta inn í heimsókn.



Heimsókn Sussiar og Niels Lund og vina þeirra 2010



Sussie og Karoline sem unnu hér fyrir 23 árum

T.d. komu Sussie Lindberg og Niels Lund frá Skåneyland í Svíþjóð. Alltaf gaman að hitta þau. Líka komu þau Siggi Mar. og Irma og synir þeirra tveir Jurjen og Arnar frá Hollandi. Mikið gaman að heyra hvað er að gerast hjá þeim öllum. Sjá heimasíður þeirra [www.strandholar.nl](http://www.strandholar.nl) og [www.skaneyland.nu](http://www.skaneyland.nu) .

Svo kom vinur okkar Petur Nolsö frá Færeyjum en hann hefur átt íslenska hesta um árabil. Er reyndar búinn að láta alla frá sér núna og setja upp listaverkasafn þar sem hesthúsið var. Mjög flott safn hjá honum.



## Heimsóknir í Héraðsdal

Petur Nolsö frá Færeyjum og Sigrún Dungal Sigurður Árni myndlistarmaður og Sigurður Sigmundsson ljósmyndari m.m.

**10. júní Maísól**, merin okkar undan Gnótt og Safír frá Viðvík var búin að kasta brúnni hryssu þegar við komum í Héraðsdal. **Hún heitir Náttós og er undan Klóki frá Dallandi** (undan Kolfinni og Katarínu)



Náttós undan Maísól og Klóki frá Dallandi



Skagafjörður

Marinó og Hanna bændur í Litla- Dal fylgjast með hrossunum okkar fyrir norðan og sjá um að gefa þeim yfir vetrarmánuðina. Þau hafa einnig séð um allan heyskapinn í Héraðsdal og Stapa. Frábært að geta haft þessa samvinnu við þau. Þau eru sjálf með fjárbúskap og hross.

**Maísól fór undir Porkel frá Dallandi, hann er sonur Hrímu og Pórodds**



Porkell að vakta vatnskarið

Porkell fer í tamningu í vetur, er dökkrauður að lit, faxprúður og heitir í höfuðið á Porkatli heitnum Bjarnasyni hrossaræktarráðunauti.

Tvær Önnur unnu hér í sumar, mestmeginis í garðvinnu. Önnur var í 10 daga, sú heitir Anne Wilhelm og er þýsk. Hún á einn íslenskan hest rétt utan við München. Hún staldraði hér við á heimsreisu sinni en hún vinnur á ýmsum stöðum á ferðalaginu í lengri eða skemmri tíma. M.a. vann hún á hestabúgarði með íslenskum hestum í Kanada. Hin er austurrísk og heitir Anna Maghörndl. Hún var að koma til Íslands í annað sinn. Hefur áður unnið við kartöfluuppskeru í Þykkvabænum.



f.v.Fredrik, Ásdís, Anne, Anna, Þórdís

Eftirspurn erlendra ungmenna (aðallega meyja) eftir sveitavinnu hér á landi eykst með ári hverju. Hrossin eru vinsælust tel ég víst.

**19. júlí.** Hestarnir sem eru á beit í Þormóðsdalslandinu ( land skammt frá Dallandi sem við höfum verið að rækta upp fyrir beitarland). voru reknir heim til að snyrta hófa og tékka á þeim. 4 unghryssur voru teknar úr hópnum og Fredrik og Ásdís for/frumtömdu þær í u.m.þ.b. 3 vikur.

Þetta eru eftirtaldar merar; Glóey undan Gerplu og Huginn frá Haga, Jófríður undan Fljóð og Hróðri frá Refsstöðum ( sold), Þjóð undan Hátíð og Þokka frá Kýrholti og Kóróna undan Katarínu og Vilmundi.

Allar eru þær á fjórða vetur og er spennandi að vita hvað úr þeim verður.

## **15. júlí Dalla kastaði síðust allra meranna fallegum brúnskjóttum hesti undan Ás frá Ármóti.**



Hvítserkur undan Döllu og Ás frá Ármóti

**Við nefnum hann Hvítserk.** Hann er háfættur og litaskiptingin er alveg sérstaklega falleg og blesan svo fín að halda mætti að Almættið hafi notað reglustriku,sirkil og hallamál við smíðina. Samkvæmt djúpri trúarvitund Garry Ravens frumbyggja frá Kanada sem kom í heimsókn með Björk Bjarnadóttur vinkonu okkar í fyrrahaust, þá er sjávarkletturinn Hvítserkur á Húnaflóa útvörður norðursins. Hann er verndari loftsins, táknað hvíta fólkið í norðri og kennir hvað virðing þýðir. Ekki dónalegt að heita í höfuðið á þessum sérstaka Hvítserki. Ég fór út af þjóðvegi eitt bara til að skoða þennan merka klett í sumar **Dalla fór síðan undir Klók okkar, Kolfinns og Katarínusonur.** Óvist hvort hún hefur haldið. ( okt 2010)

**Gerpla og Hátíð fóru norður á Dýrfinnustaði undir Hágang og fyljuðust báðar.**

**22.júlí** Búið að rúlla allt að 200 heyrúllum í Héraðsdal. Úrvalshey!

Hluti heysins er komið suður .

**27. júlí Kveðjuhóf í Dallandi og Dal fyrir Halldór, Helle og strákana .**



Mjög skemmtilegt kvöld en það er samt alltaf svo sorglegt að kveðja fólk sem manni þykir vænt um og við eיגum eftir að sakna þeirra allra og Sunnevu líka. Það eru 12 ár síðan Halldór hóf hér störf og Helle hefur verið hér, og oftast í föstu starfi, sl. 9 ár. Þetta er langur tími og hefur verið afskaplega góður og árangursríkur.



Björk Bjarnadóttir og Helle Laks



Leó og Harri 2010

Við þetta tækifæri færðum við Halldóri að gjöf málverk af Nátthrafni og honum, sem Þórhildur Jónsdóttir frá Lambey, sveitungi minn úr Fljótshlíðinni, málaði listilega með vatnslitum.



Vatnslitamynd af Halldóri og Nátthrafni gerð af Þórhildi Jónsdóttur frá Lambey, Fljótshlíð

Helle fékk þráðaverk eftir mig . Verkið vísar í það hvernig þræðir manna á milli myndast á ýmsa vegu, þvers og kruss.

Ef einhver sem les þetta langar til að láta mála portrettmynd eða mynd af hestinum sínum þá mæli ég eindregið með Þórhildi, hún er algjör snillingur á þessu sviði að mínu mati. **Auglýsingastofa Þórhildar** ef leitað er i símaskránni.

**4. ágúst** var sónarskoðað í Dal. Dýrlief og Duna eru fengnar með Hvati og Lovísa fengin með Klóki. Lovísa er yngsta og eina dóttirin sem við eigum eftir undan stofnhryssunni okkar Lýsu frá Efri – Rotum. Hún er hálfssystir Orms þar af leiðandi. Hún er undan Toppi

frá Eyjólfssstöðum. Lovísa er ósýnd og hefur ekki verið mikið notuð til folaldseigna, en verið reiðhryssa mín ( Þórdísar).

Fredrik og Ásdís voru á þessum tíma að þjálfa söluhross, veðrið var dásamlegt flestalla daga. Hrossin eru flest á heimasíðunni undir; **Söluhross** . T.d. Skuggi, Loki, Djarfur, Dugur. Nú er Skuggi seldur en Loki er ekki til sölu lengur, ekki í bili a.m.k.

**12. ágúst** Mamma og amma Fredriks í heimsókn.



Mari mamma Fredriks og amma hans Gullan Sandberg.

**Uppúr miðjum ágúst fór Fredrik til Svíþjóðar og kemur aftur  
28.október. Þangað til eru hrossin í haustfríi.**



Haustið 2010 . Nokkrar hryssur í heimahögunum, sumar þeirra á leiðinni til Svíþjóðar

**23. ágúst** Gunnar, Hafliði og Ásdís fóru norður í Héraðsdal að huga að ymsu. Aðalálastæðan var þó að rýma og taka til í drasli sem fyllt hefur eitt úтиhúsanna.



Graðhestar í Stapa vorið 2010



Álftaparið á Stapavatni var með 7 unga 2010



Gamla íbúðarhúsið í Stapa að verða tilbúið eftir lagfæringu.



Hreinsað út úr fjárhúsunum í Héraðsdal



Nú er búið að hreinsa allt til gera nokkrar stóðhestastíur í þetta rými. Mynd tekin í agúst 2010

Þau létu hendur standa rækilega fram úr ermum og hreinsuðu vel til í útihúsum. Nokkrir silungar komu í net sem lagt var út. Ásdís gerði að þeim og svo voru þeir snæddir með bestu lyst hér heima í Dal daginn eftir.



**Yrpa frá Héraðsdal með hryssunni Þórkötlu undan Þór frá Dallandi**



**Nói minn orðinn 13 ára**



**Stapi**

## Héraðsdalur - Stapi /September

Í Stapa, Skagafirði eru nú 15 graðhestar frá okkur á ýmsum aldri. Two þeirra notuðum við í sumar fyrir norðan, þá Glans og Porkel.



Ungu graðhestarnir okkar í Stapa



Héraðsdalur I (gamla íbúðarhúsið)

**2. september** tókum við Glans og Porkel frá merunum. Þeir voru settir með hinum graðfolunum í Stapalandið. Allt gekk vel með það, engin teljandi slagsmál. Glans verður samt að gera sér að góðu að vafra mest um einn síns liðs í girðingunni, hann samlagast ekki alveg hinum, enda lífsreyndari og eldri.

Mikið hefur verið unnið að betrumbótum á úthísum í Héraðsdal og miðar því verki ágætlega. Jón Jónsson (Bobcat) fór með Gunnari norður um daginn að fjarlægja drasl og ónýtt rimlagólf í fyrrverandi fjárhúsi. Ætlunin er, til að byrja með, að gera þetta hús eitthvað upp t.d. innrétt hlöðuna, sem er stór og rúmgóð. Nokkrar öflugar stóðhestastíur verða settar þar upp svo hægt sé að taka inn hross, sortera þau, gefa ormalyf og annað í þeim dúr. Í Stapa er rúmgott hesthús og gerði, en af því að mörg hrossanna ganga nú frekar um í Héraðsdalslandinu vantar okkur betra aðhald þar niðri í Dalsplássinu svokallaða. Nú verður ráðin bót á því. Við höfum hingað til alltaf notið velvildar Guðsteins og Bjarkar í Laugardal þegar þörf hefur verið á að reka hrossin í nærliggjandi girðinum inn.



September



Dalur hestamiðstöð , Úlfarsfell í baksýn

## Dalland - Dalur / September

**10. sept.** Við tókum Sorta og Klók frá merunum og settum þá svo saman í girðingu. Ingimar Jónsson kom og aðstoðaði Gunnar við að teyma þá upp í girðingu. Ekki þótti mér þeir árennilegir til að byrja með og slögust þeir ansi mikið fyrsta klukkutímann en núna virðist allt vera í stakasta lagi. Samkomulagið er ágætt en sjá má að Sorti er sá sem ræður enda stærri, reyndari og eldri.

Hafliði háþrýstiþvoði, sótthreinsaði og bar olíu á allt tréverkið í hesthúsinu í Dal, ekkert smáverk það. Svo var mokað út.

Í ágúst máluðu Ásdís og Hafliði reiðhöllina að utan svo nú er allt orðið nokkuð snyrtilegt og fínt.

### **17. september Námskeiðið Reiðmaðurinn** á vegum

Landbúnaðarháskólans haldið í Dal um þessa helgi. Halldór Guðjónsson kom frá Svíþjóð til að kenna og kemur svo aftur um miðjan næsta mánuð. Þátttakendur eru 14.

Nú þegar haustið er farið að gera vart við sig með dimmu, rigningu og roki og hestarnir farnir að standa í höm er hráslagalegt til þess að vita að sumir þeirra eru enn að berjast við bakteríusýkinguna eða hvað nú þessi óskundi er sem herjað hefur á hrossaflota landsmanna.

Það er því nauðsynlegt að fylgjast vel með. Við höfum verið með veik folöld nána upp á síðkastið og maður er alltaf að heyra af veikindum í hrossum, jafnvel hrossum sem fengu fúkkalyfjameðferð í vor.

Um daginn var ég að rýna dágóða stund inn í folaldsmeragirðinguna af því ég var ekki alveg sátt við hegðun eins folaldsins. Það var sjaldnar að bíta og stóð frekar eitt síns liðs en hin folöldin. Mér leist þannig á að vel gæti verið að það væri veikt þó að ég heyrði það aldrei hósta. Við rákum heim og á leiðinni spýttist einhver gulur óþverri út um aðra nösina á því og það fékk heilmikið hóstakast. Hóstinn kemur nefnilega í hviðum. Við mældum það og kom í ljós að hitinn var mjög hár. Svona er þetta lúmskt. Síðan fékk það fúkkalyf í 5 daga. Folaldið gjörbreyttist eftir þessa meðferð, hresstist verulega.

Allur er varinn góður segi ég nú bara. Sum folaldanna eru nú með einkenni pestarinnar og er fylgst vel með þeim en nána erum við búin að flytja stóðið svo þau komast öll undir þak í útigangshúsi. Og við sem héldum að þetta væri gengið um garð!

2 hestar voru seldir hér síðsumars og hafa verið að bíða eftir útflutningi. Æsa undan Trú og Stór- Stjörnu og Sómi undan Stór-Stjörnu og Gusti frá Hóli. Pau fara til Svíþjóðar nána með fyrstu ferð og við óskum þeim góðrar ferðar og dvalar í nýjum heimkynnum. Nýjum eigendum óskum við til hamingju með hestakostinn

**Gumi frá Dallandi**, ( undan Gnótt og Aroni) stóðhesturinn sem við seldum sl. veturn fór í mjög góðan dóm úti í Svíþjóð í vor. Eigandi hans nú er Anne Fornstedt og Vignir Jónasson sýndi hann. Gumi er undan Aroni frá Strandarhöfði og Gnótt frá Dallandi. Hann er hæst dæmdi fjórgangs stóðhesturinn í 6 vетра floknum í Svíþjóð , á Strömsholm þetta árið fékk 8.31 í aðaleinkunn. Hann er sjöundi í röðinni af hæst dæmdum afkvæmum Arons. Til hamingju með Guma ANNE!!! Sjá [www.hammarbyhästar-jfb.se](http://www.hammarbyhästar-jfb.se)



Gumi í Svíþjóð með nýja eigandanum á baki Anne Fornstedt



f.v. Gumi eftir dóm í Strömsholm 2010 með Anne Fornstedt og í Hafnarfirði með Halldóri Guðjónss. 2009